

## 2. bekkur náttúrugreinar

---

Kennarar: Sigríður Ísold Einarsdóttir; Sigurlaug Hauksdóttir

### Lýsing

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 1.-4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

### Markmið

Í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,  
notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum  
komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu  
sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því

### Námsefni

Námsefni frá kennara

### Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni.

### Námsmat

Símat

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Vinnubrögð og færni

- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

### Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 1.-4. bekk - Lífsskilyrði manna

- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefnis.

### Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 1.-4. bekk - Heilbrigði umhverfisins

- Flokkað úrgang.